

**20. fundur
byggingarnefndar Tálknafjarðarhrepps
haldinn Miðtúni 1, Tálknafirði,
föstudaginn 19. september 2008 og hófst hann kl. 16:00**

Fundinn sátu:

Aðalsteinn Magnússon, Guðlaugur Jónsson (GJ), Sigurvin Hreiðarsson, Heiðar Jóhannsson,

Fundargerð ritaði: Sif Karlsdóttir (SK)

Dagskrá:

1. 0807070 - Byggingarnefnd. Samþykkt um úthlutun lóða á Tálknafirði

Í grein 3.1 bætist við eftirfarandi: sjá reglugerð Tálknafjarðarhrepps um gatnagerðargjöld.

Í grein 3.3 fyrsta setning fellur út.

Samþykkt samhljóða.

2. 0809076 - Orkubú Vestfjarða. Lóðaúthlutun.

Byggingarnefnd leggur til að Orkubúi Vestfjarða verði úthlutað lóð undir spennistöð 15 metra frá innri enda Dunhaga miðað við að efri langhliðar húsanna séu í samliggjandi línu. Með fyrirvara um jákvæða afgreiðslu í grendarkynningu hluteigandi aðila.

Samþykkt samhljóða.

3. 0808037 - Umsókn um leyfi fyrir pall við Móatún 9

Nefndin samþykkir erindið einróma.

4. 0809078 - Samkeppnisstofnun. Sorphirða fyrir einstaklinga.

Erindinu vísað til hreppsnefndar.

5. 0809080 - Önnur mál

Umsókn frá Antoni Jónsson um leyfi fyrir byggingu garðhýsis við á Móatún 14. Meðfylgjandi umsókn er samþykki nágranna.

Erindið er samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:10

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____